

Æskulýðsnefnd kirkna í Rangárvallasýslu

Hellu, 12.september 2019

Til
Sveitarstjórnar
Rangárþings ytra,
Suðurlandsvegi 1-3,
850 Hellu.


Erindi: Beiðni um fjárstyrk til Æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu.

Fyrir hönd Æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu færi ég sveitarstjórnurum í Rangárvallasýslu þakkir fyrir mikilvægan fjárhagsstuðning við starf nefndarinnar á umliðnum árum.

Mörg undanfarin ár hefur meginverkefni hennar verið mótshald að hausti með væntanlegum fermingarbörnum í sýslunni. Mótið í ár verður haldið í Vatnaskógi í lok september. Einnig hefur Æskulýðsnefnd styrkt æskulýðsfélög einstakra sókna í reglulegu starfi eða til ferðalaga á æskulýðsmót.

Enn leitar nefndin eftir fjárstuðningi sveitarfélagsins. Stuðningurinn hefur numið kr. 145.000.- þau ár sem sveitarfélagið hefur séð sér fært að styrkja æskulýðsnefndina og leyfi ég mér fyrir hönd nefndarinnar að leggja til að framlag ársins í ár nemi einnig þeirri upphæð.

Virðingarfyllst,
f.h. Æskulýðsnefndar
kirkna í Rangárvallasýslu,



Elína Hrund Kristjánsdóttir

Leggja má framlag inn á eftirfarandi reikning Æskulýðsnefndarinnar
0182 - 26 - 10770 - kennitala: 540503-2650

